

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

Deiliskipulagsbreyting, Bakkahverfi við Álftavatn.

Um er að ræða óverulega deiliskipulagsbreytingu sem tekur til frístundasvæðis í landi Torfastaða (Bakkahverfis). Í breytingunni felst að skilgreindum frístundalóðum innan svæðisins er fækkað um eina. Lóðir við vatnið stækka sem því nemur. Staðvísar eru skilgreindir innan svæðisins, gert er ráð fyrir að þær fái heitin Eiríksgata og Njálsgata. Að öðru leyti eru engar breytingar gerðar á framlagðri skipulagsáætlun.

Samþykkt í sveitarstjórn 29. júní 2023.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. júlí 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 27. júlí 2023